

## **Unnur Ágústsdóttir hlýtur Hvatningarverðlaun Stjórnvísí 2010**

Unnur Ágústsdóttir hefur verið sviðsstjóri rekstrarsviðs hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík (SSR) frá 2006. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Bifröst og stundar nú Diplomunám í opinberri stjórnslu við Háskóla Íslands.

Unnur hefur sýnt mælanlegan árangur sem sviðsstjóri og sem mikilshæfur stjórnandi í stjórnendateymi SSR. Eftir nokkur erfið ár fylgir rekstur nú rekstrarramma, áætlanir standast og fjármálastjórn er til fyrirmyndar. SSR nýtur það mikils trausts á þessu sviði að eftir því hefur verið tekið og leitað er til stofnunarinnar af ráðuneyti og samstarfsaðilum eftir ráðgjöf og aðferðum í fjármálastjórn. Unnur hefur innleitt margvíslegar aðgerðir til að efla gagnvirk samskipti við forstöðumenn þannig að upplýsingar um rekstrarstöðu berast nú skilvirkilega til þeirra í byrjun hvers mánaðar. Þær starfsstöðvar sem ekki halda áætlun eru settar í „mjúka gjörgæslu“ þar sem þeim er veittur margvíslegur stuðningur, byggður á nákvæmri greiningu, til að ná tókum á rekstrarstöðunni. Með framsýni að leiðarljósi ásamt þrotlausri vinnu hefur Unnur lagt grunninn að því með meðstjórnendum sínum að SSR getur nú tekist á við breyttar en tímabundnar aðstæður í samfélaginu af sveigjanleika og án samdráttar í þjónustu.